

Skýrsla ferðanefndar

Farið var á Rauðanesfjörur á föstudaginn langa samkvæmt venju. Í Rauðanesi voru móttaka og leiðsögn mjög góð eins og alltaf og eiga þau þakkið skilið fyrir það. Fjöldi manns mætti og ferðin gekk mjög vel og allt fór vel fram.

Síðsumarsferð var farin helgina 17-19 ágúst. Stefnan var tekin vestur í Kolbeinsstaðahrepp á föstudeginum. Gist var í Lindartungu aðfaranótt laugardags. 19 manns riðu af stað á laugardagsmorgninum og riðið var í kringum Hliðarvatn með leiðsögn Ásbergs Jónssonar bónda í Hraunholtum. Sigrún og fjölskylda í Hallkelsstaðahlíð tóku á móti hópnum með góðum veitingum. Þetta var mjög ánægjulegur dagur og veður mjög gott. Seinni partinn var komið aftur í Lindartungu og þá voru dregin fram grillin. Áttum við þar ánægjulega kvöldstund. Á sunnudeginum fór svo hver til síns heima. Ég vil nota tækifærið og þakka Ásberg fyrir leiðsögnina, Sigrúnu og fjölskyldu fyrir móttökurnar og Helgu og Ásbirni í Haukatungu fyrir móttökurnar og aðstöðu.

Fyrir hönd ferðanefndar

Sæmundur Jónsson